

Svar samgöngustjóra dags. 30 apríl 2020 við erindi Axels Kaaber til íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis.

Stýribúnaður/stýrikassi umferðarljósanna á gatnamótum Háaleitisbraut og Listabrautar er því miður það gamall að ekki er hægt að breyta stýringunni til að uppfæra í samræmi við þau viðmið sem við höfum í dag. Á gatnamótunum sem ábendingin snýr að logar græni karlinn í 12 sekúndur en rýmingartíminn er 18 sekúndur (sjá: http://lukrskjol.reykjavik.is/gmst/Umf_styr/IP1558.pdf). Skýring á rýmingartíma er að neðan. Gönguleiðin er ~25m löng. Þannig að þó að heildartíminn sé nægjanlegur til að komast yfir þá hefur, eins og réttilega er bent á, græna ljósið í flestum tilfellum slökknad áður en gangandi komast yfir miðeyjuna. Heppilegra hefði verið að græni karlinn logaði nógu lengi til að vegfarendur komist um 75% leiðarinnar.

Borgin vinnur að því að endurnýja gamlan stýribúnað. Í dag eru innan við 10 gatnamót með þetta gamlan búnað þannig að það má búast við því að búnaður á þessum gatnamótum verði endurnýjaður á næstu árum (stefnt er að því innan þriggja ára). Við þá endurnýjun verður tími græna karlsins lengdur og rýmingartíminn að öllum líkindum miðaður við að gangandi vegfarendur komist að miðeyjunni leggi þeir af stað á síðustu sekúndu græna ljóssins.

Hér líkt og á heimsvísu eru umferðarljós fyrir gangandi byggð upp á grænum karli og rauðum karli þar sem græni karlinn merkir það að ganga megi af stað en sá rauði að ekki megi leggja af stað. Svokallaður rýmingartími tekur við eftir að græni karlinn slökknar þangað til að grænt ljós kviknar fyrir ökutæki sem aka yfir viðkomandi gönguleið. Á meðan rýmingartíminn er þá logar rauður göngukarl. Hugmyndin er að þó svo að gengið sé af stað á síðustu sekúndu græna karlsins þá eigi að vera hægt að komast yfir á eðlilegum gönguhraða áður en ökutæki aka yfir gönguleiðina. Þetta er alþjóðlegt fyrirkomulag umferðarljósanna fyrir gangandi vegfarendur þó svo að til séu tilbrigði við það. Í dag er hjá Reykjavíkurborg gengið út frá því að gangandi komist amk. helming til 75% leiðarinnar á grænum karli áður en rýmingartíminn tekur við. Í dag er miðað við gönguhraða um 1 m/s en áður fyrr var miðað við gönguhraða 1,3-1,5 m/s.

Hér má sjá almenna upplýsingasíðu um umferðarljósakerfi Reykjavíkurborgar sem unnið er að því að tengja sem flest gatnamót við <https://reykjavik.is/thjonusta/midlaeg-styring-umferdarljosa>.

Erindi Axels Kaaber um gatnamót Háaleitisbrautar og Listabrautar sent íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis 23. janúar 2020.

Frá: Axel Kaaber <axelkaaber@gmail.com> **Sent:** fimmtudagur, 23. janúar 2020 19:59 **Til:** Dóra Magnúsdóttir <Dora.Magnusdottir@reykjavik.is>; Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi <ibuarad.haaleitiogbustadir@reykjavik.is> **Afrit:** Arna Rún Gústafsdóttir <arna.run.gustafsdottir@gmail.com> **Efni:** Tvær fyrirspurnir á íbúaráðsfundi

Sæl veriði

Takk aftur fyrir fundinn. Frábært starf sem þið vinnið.


Ég útlista hér þær fyrirspurnir sem ég lagði fram á fundinum í kvöld:

1. Lenging gönguljósa á gatnamótunum Háaleitisbraut X Listabraut

-10 sekúndna gönguljós til að þvera 26

metra.

Gönguþverunin er rauðmerkt á meðfylgjandi mynd:



Við gatnamót Háaleitisbrautar og Listabrautar eru gönguljós sem vara í 10 sekúndur til að komast yfir 4 akreinar Háaleitisbrautar með stórri umferðareyju í miðjunni (samtals 26 metrar skv. Borgarvefsjá). Þarna húka krakkar oft á leiðinni í skólann á miðri eyju á meðan bílar bruna framhjá. Lengingin yrði ekki á kostnað akandi umferðar um Háaleitisbraut þar sem grænt ljós á akandi umferð Listabrautar (þvert á Háaleitisbraut) varir í um það bil 20 sekúndur eftir að gönguljósið verður rautt. Ég er farinn að kenna börnunum mínum að það sé í lagi að fara yfir þegar kallinn er orðinn rauður ef maður er á annað borð lagður af stað. Það geri ég nauðugur.

Í sumar var dóttir mín í barnavagni hætt komin þegar ökumaður sem ferðaðist samhliða mér og dóttur minni fótgangandi yfir Háaleitisbraut í austurátt og beygði svo til vinstri inn á Háaleitisbraut. Það gerði ökumaðurinn þegar rautt ljós var nýkomið á gangandi umferð og við feðginin nýstigin af umferðareyjunni. Sá áleit það rétt sinn að svína í veg fyrir okkur þar sem rautt ljós var á gönguþverunina og sleikti bókstaflega barnavagninn á jeppanum sínum.

Sjálfur hef ég einnig oft lent í því sama þegar ég hjóla þarna yfir og stundum verið hætt kominn. Ég senti inn ábendingu fyrir 2 árum síðan, hugmynd um að breyta þessu fékk mikinn byr í mitt hverfi kosningunni 2018 og 2019 kom einhver annar með sömu hugmynd sem endaði á topp 10 fyrir hverfið 108. Síðan þá hef ég sent inn fjölda fyrirspurna.

Ef þetta er ekki hægt af einhverjum ástæðum sem ég hef ekki enn uppgötvað, vinsamlegast útskýrið það þá fyrir mér og öðrum sem vilja fá þessu breytt.